

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 482/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Davíð Kristjáni Anderson

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Ölvunarakstur. Umferðarlög. Ökuréttarsvipting. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, en áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 12. nóvember 1993. Ákærði krefst þess, að reynslulausn frá 15. desember 1992 verði látin halda sér. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki getið vínandamagns í blóði ákærða í þau fjögur skipti, er ákæra lýtur að. Aðfaranótt 29. júní 1993 mældist 1,31‰ í blóðinu, en 10. júlí sama ár mældust í fyrra skiptið 1,92‰ og það síðara 1,37‰. Loks mældust 1,99‰ í blóði ákærða 30. júlí 1993.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Davíð Kristján Anderson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 14. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 544/1993: Ákærvaldið gegn Davíð Kristjáni Anderson, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. þ. m., gegn ákærða, Davíð Kristjáni Anderson, kt. 250871-4579, Torfufelli 6, Reykjavík, „fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifeiðum svo sem hér er rakið:

1. bifreiðinni R-57250 aðfaranótt þriðjudagsins 29. júní 1993 suður Rauðarárstíg í Reykjavík að Miklubraut, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn,
2. bifreiðinni R-4025 aðfaranótt laugardagsins 10. júlí 1993 frá Húsavík að Skjólbrekku, Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn,
3. bifreiðinni R-4025 aðfaranótt laugardagsins 10. júlí 1993 frá Skjólbrekku í Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu um þjóðveg 1 áleiðis til Húsavíkur, uns lögregla stöðvaði ákærða eftir stuttan akstur,
4. bifreiðinni S-1730 aðfaranótt föstudagsins 30. júlí 1993 frá Dans-Barnum, Grensásvegi 7 í Reykjavík að Skipholti 50.

Liður 1 telst varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., og liðir 2-4 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við niðurstöður alkóhólrannsóknna og önnur málgögn, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru að sök gefin í ákæru og þar eru réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði Davíð Kristján hefur hlotið 9 refsídóma á árunum 1989-1992, samtals 21 mánaða fangelsi fyrir auðgunarbrot og skjálafals. Þá gekkst hann undir dómsátt vegna ölvunar við akstur þann 14. ágúst 1990 með sektargreiðslu og sviptingu ökuréttar í 4 mánuði. Þann 15. desember sl. hlaut hann reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, samtals 135 daga. Í sakavottorði er skráð að hann hafi einnig hlotið reynslulausn daginn áður á eftirstöðvum refsingar, samtals 30 daga, en samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins fékk hann einvörðungu reynslulausn þann 15. desember sl.,

samtals 135 daga. Í sama bréfi kemur fram, að ákærði hefur ekki afplánað refsivist þá sem hann fékk reynslulausn á. Með brotum þeim, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði rofið skilorð framangreindrar reynslulausnar. Ber því nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, og með hliðsjón af 60. gr. sömu laga að dæma hann nú í einu lagi fyrir brot þau, sem hér er fjallað um, og hina 135 daga óloknu refsivist. Með hliðsjón af sakaferli ákærða og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga er ákærði sviptur ökurétti í 4 ár frá 30. júlí 1993 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Kristján Anderson, sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti í 4 ár frá 30. júlí 1993 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
